

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

431. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 31. júlí 2020 kl. 07:30. Fundurinn fer fram sem fjarfundur á Teams. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir. Mætt: Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson og Bjarni Torfi Álfþórsson. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri. Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður. Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðva situr fundinn undir lið 2. Páll Guðjónsson ráðgjafi situr fundinn undir lið 3.

Tekið fyrir:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra og staða og horfur í rekstri og fjárfestingum
Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fara yfir horfur í rekstri og fjárfestingum.
2. Tillaga um tímabundna framlengingu samninga um gámaleigu, flutninga og losun gáma frá endurvinnslustöðvum
Rekstrarstjóri og framkvæmdastjóri kynna tillögu um framlengingu og leggja jafnframt fram minnisblað frá lögmanni embættis borgarlögmans. Stjórn samþykkir tillöguna.
3. Aðgerðaáætlun um heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu - staða verkefna, áætlun um framhald, ábyrgðarskipting og umboð
Páll Guðjónsson kynnir stöðu og framvindu, sem og fyrirætlanir um næstu skref.
4. Staðan í uppkeyrslu GAJA og móttökustöðvar í Gufunesi
Framkvæmdastjóri fer yfir framvinduna í uppkeyrslu á MTFS og GAJA.
5. Staða mála varðandi samstarf við Ýmir technologies
Framkvæmdastjóri kynnir stöðu mála varðandi samstarf við Ými.
6. Stefnumótun 2020-2025, fyrirkomulag við lokafrágang
Framkvæmdastjóri kynnir fyrirætlanir um lokafrágang stefnumótunar.
7. Starfsreglur og siðareglur stjórnar
Stjórn samþykkir starfsreglur stjórnar. Yfirstandi er vinna á vegum SSH er snýr að starfssumhverfi byggðasamlaga og mikilvægt að starfsreglur stjórnar verði endurskoðaðar að þeirri vinnu lokinni.
Stjórn samþykkir siðareglur stjórnar.
8. Markmiðssetning stjórnar
Stjórnarformaður fer yfir helstu markmið stjórnar fyrir starfsárið 2020-2021.
Stjórn samþykkir markmiðasetningu.
9. Áhættustefna, umræður um stöðu og næstu skref.
Framkvæmdastjóri gefur yfirlit yfir staðalinn ISO 31000, fer yfir mikilvægi áhættustjórnunar og gefur yfirlit yfir útfærslu hennar í tveimur opinberum fyrirtækjum. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa gerð áhættustefnu.
10. Breytingar á skipan formanns og varaformanns stjórnar, skv. hefðum samlagsins
Stjórnarformaður leggur til að Líf Magneudóttir taki við sem stjórnarformaður SORPU bs.
Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.
Stjórnarformaður leggur til að Ágúst Bjarni Garðarsson taki við varaformennsku SORPU bs.
Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.
11. Önnur mál
12. Næsti fundur.

Næsti fundur ákveðinn 28. ágúst kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 09:30

Birkir Jón Jónsson Samþ	SV: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 10:06
Líf Magneudóttir Samþykkt Bestu kveðjur, Líf.	Re: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:43
Jóna Sæmundsdóttir Samþykkt	SV: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:40
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	SV: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:30
Bjarni Torfi Álfþórsson Samþykkt. bkv, Bjarni Torfi	Re: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:25
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Samþykkt Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.	RE: 431_stjórnarfundur_SORPU. bs_31.07.2020_2... þri. 4.8.2020 09:23